

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði og Iceedignir ehf., kt. 630306-0350, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi:

VILJAYFIRLÝSINGU

Icelandair Group hf. stefnir að því að byggja upp framtíðar höfuðstöðvar sínar að Flugvöllum 1 í Hafnarfirði. Stefnt er að því að uppbygging og starfsemi verði smekkleg, vistvæn og til fyrirmyndar hvað varðar aðstöðu starfsfólks. Sameiginlegur skilningur er á því að möguleg álitamál sem snúa að opinberri stjórnslu verði leyst í góðri samvinnu félagsins og sveitarfélagsins. Í þessu sambandi eru aðilar sammála um eftirfarandi atriði:

1. **Flugvellir 1.** Núverandi lóð er 42.979,8 fermetrar og leigð til 25 ára frá 1. maí 2014. Nýtingarhlutfall er 0,5. Heimilt byggingarmagn 21.489,9 fermetrar.

Lóðarleigusamning má endurnýja í tengslum við fyrirhugaða uppbyggingu þar sem gildistími hann yrði 50 ár frá árinu 2021.

Unnið skal að stækkun lóðarinnar til vesturs um allt að 6.000 fermetra og til austurs um allt að 6.500 fermetra og skal sú stækkun verða samkvæmt samþykktum deiliskipulagsuppráttum. Tryggja þarf gönguleið frá Holti að Ásvallabraut vegna stækkunar lóðar verður það unnið í góðri samvinnu bæjarins og Iceedigna hf..

Um nýtingarhlutfall fer samkvæmt samþykktum deiliskipulagsupprætti.

2. **Gatnagerðargjöld.** Um greiðslu gatnagerðargjalda fer eftir samningi aðila frá 26. maí 2014 um greiðslu á gatnagerðargjaldi vegna uppbyggingar á Flugvöllum 1.

Selji Icelandair / Iceedignir eignir (byggingar og/eða lóð) á Flugvöllum 1 innan 15 ára frá úthlutun (2014) falla veittir afslættir og/eða frestun á greiðslu niður og skal þá greitt fullt gatnagerðargjald.

Heimilt er að áfangaskipta framkvæmdum í samræmi við samþykkt sveitarfélagsins um gatnagerðargjald.

3. **Önnur gjöld.** Um önnur gjöld er farið með samkvæmt gjaldskrá byggingarfulltrúa á hverjum tíma.
4. **Bílastæði innan lóðar,** verða samkvæmt samþykktum deiliskipulagsupprætti.
5. **Vistvænar samgöngur.** Frá Flugvöllum er Ásbrautin einn af aðalhjólástígum bæjarins og tengist hjólaleið gegnum bæinn og hjólaleiðum nágrannasveitarfélaganna. Unnið er með Vegagerðinni að fjölgun og endurbótum á hjólástígum í bænum og til nágrannasveitarfélaga. Góðir göngustígar eru á milli hverfa í bænum. Þá eru almenningssamgöngur góðar við Flugvelli og gert ráð fyrir að stoppistöð fyrir Strætó leið 1/Borgarlínu nærri Flugvöllum 1.

6. **Nágrannar.** Ekki er gert ráð fyrir mengandi starfsemi í nágrenni Flugvalla 1 umfram það sem er í dag. Í nágrenninu er gert ráð fyrir léttum iðnaði á atvinnusvæði Selhraun norður og Selhraun suður, sem og atvinnusvæðinu á Tjarnarvöllum. Ekki er gert ráð fyrir mengandi atvinnustarfsemi á þessum atvinnusvæðum. Álver Rio Tinto er starfrækt í rúmlega 2 km fjarlægð og hefur verið starfrækt í 50 ár. Umhverfisstofnun fer með vöktun á fyrirtækinu, núgildandi starfsleyfi félagsins er til 2022. Við endurskoðun á starfsleyfi álversins er m.a. unnið að minnkun þynningarsvæðis.
7. **Merkingar/Ásýnd.** Hjá Hafnarfjarðarkaupstað eru reglur um skilti/merkingar og fer byggingarfulltrúi með afgreiðslu mála samkvæmt þeim. Bæjarráð getur veitt heimild til að veita undanþágu frá þeim reglunum. Merkingar og ásýnd verða unnin í góðri samvinnu bæjarins og Ícelandair.
8. **Hljóðvist.** Vilji er til að meta þörf fyrir hljóðmön á milli Reykjanesbrautar og Flugvalla 1 með tilliti til fyrirhugaðar uppbyggingar á lóðinni.

Hafnarfirði, [Dags.]. desember 2020

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

F.h. Iceeigna ehf.

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

Bogi Nils Bogason, stjórnarmaður

Vottar að rétttri dags. og undirskrift: